

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 14. október 2021  
UST202109-154/B.S.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016 - 2018 - breyting á landnotkun –  
Varmidalur. Umsögn**

Vísað er til bréfs Rangárþings ytra dags. 14. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem felst í því að landnotkun verði breytt á svæði sem nefnist Tröllkonugil í landi Varmadals/Grafar úr skilgreindu landbúnaðarlandi í efnistöku- og efnislosunarsvæði.

Fram kemur í greinargerð að umræddu svæði hefur þegar verið raskað við efnistöku. Ráðgert er að taka þarna allt að 50.000 m<sup>3</sup> af efni og mun frágangur svæðisins felast í landmótun sem gera mun svæðið hentugra til keppni í akstursíþróttum.

Hér er um að ræða efnisitöku á mjög efnismiklum aurum þar sem nú er rýrt gróðurlendi með lágu verndargildi og mun því breytt landnotkun hafa óveruleg áhrif í för með sér nema hvað varðar hljóðvist sem mun versna þegar keppt verður á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur